

11.10.2022



Góður hagnaður Ölgerðarinnar á öðrum ársfjórðungi

- **Vörusala samstæðu Ölgerðarinnar var 20,4% hærrí á öðrum ársfjórðungi 2022 en á sama tímabili 2021**
- **Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) hækkaði um 272 milljónir kr. milli tímabila og jókst um 21%**
- **Aukin sala til hótela og veitingastaða**
- **Hækkandi hlutdeild Ölgerðarinnar í bjórsölu hjá ÁTVR**

Árshlutareikningur samstæðu Ölgerðarinnar Egils Skallagrímssonar hf. fyrir tímabilið 1. mars 2022 – 31. ágúst 2022 var samþykktur af stjórn og forstjóra á stjórnarfundum 11. október 2022.

Helstu niðurstöður árshlutareiknings fyrir annan ársfjórðung 2022 (Q2 2022):

- EBITDA nam 1.544 millj. kr. samanborið við 1.272 millj. kr. á Q2 2021, sem jafngildir 21% hækkun milli ára.
- Eigið fé í lok Q2 2022 nam 9,1 ma. kr. og eiginfjárhlutfall 35,2% samanborið við 32,5% við lok síðasta fjárhagsárs.
- Nettó vaxtaberandi skuldir með leiguskuldbindingu voru 7.485 millj. kr. í lok Q2 2022 samanborið við 8.366 millj. kr. í lok árs 2021.
- Hagnaður eftir skatta var 887 millj. kr. á öðrum ársfjórðungi og jókst um 28%.

Samkvæmt uppgjöri annars ársfjórðungs jókst rekstrarhagnaður fyrirtækisins fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA) um 272 milljónir króna frá sama tímabili árið 2021.

Rekstrarhagnaðurinn var 1.544 milljónir króna fyrir annan ársfjórðung 2022 en var 1.272 milljónir króna á sama tímabili árið 2021. Hagnaður eftir skatta á tímabilinu var 887 milljón króna og jókst um 194 milljónir króna milli ára. Eigið fé Ölgerðarinnar var 9,1 milljarðar króna og eiginfjárhlutfall 35%. Þá lækkuðu vaxtaberandi skuldir að frádregnu handbæru fé um 881 milljónir króna á tímabilinu.

Á fyrri árshelmingi nam veltuaukning 22,5% eða 3,6 ma. kr. og EBITDA hækkað um 577 mkr eða 29,9%. Kaup Danól ehf. á viðskiptasamböndum Ásbjörns Ólafssonar ehf. vega um 22% af veltuaukningu en innri vöxtur er 78%. Sala til hótela og veitingastaða er í mikilli aukningu ásamt því að Ölgerðin heldur áfram að styrkja sína stöðu á lykilmörkuðum.

Sala á bjórum Ölgerðarinnar heldur áfram að aukast. Hlutdeild í bjórsölu ÁTVR hefur aukist á tímabilinu og sala til veitingahúsa hefur aukist um rúmlega 50%. Gull Lite er nú söluhæsti bjór landsins og eitt af fimm verðmætustu vörumerkja fyrirtækisins.

Framleiðsla á vatni til útflutnings heldur áfram að aukast og hefur nú tvöfaldast frá sama tímabili árið 2020. Ölgerðin sér um framleiðslu fyrir hlutdeildarfélag sitt, Iceland Spring. Framleiðslugeta vatnslínu verður brátt fullnýtt og nauðsynlegt að huga að afkastaaukningu hvort sem það verður í nafni Ölgerðarinnar eða Iceland Spring.

Reksturinn í september 2022 var í samræmi við væntingar stjórnenda. Vörusala hækkaði um 18% og launakostnaður um 10% frá september 2021.

Nettó vaxtaberandi skuldir halda áfram að lækka og nema nú 7,5 ma. kr. eða 1,9x EBITDA síðustu 12 mánaða.

„Við erum afar sátt við niðurstöðu tímabilsins. Það er ánægjulegt að sjá hvað sala til hótela og veitingastaða hefur aukist og greinilegt er að ferðamannaíðnaðurinn er að hafa jákvæð áhrif víða í samfélaginu. Aukin vörusala tímabilsins segir líka sitt um styrkleika samstæðunnar hvað varðar úrval og góða þjónustu. Þá er ljóst að Íslendingar kunna að meta þá gæðabjóra sem Ölgerðin býður upp á eins og sterk staða bjóra Ölgerðarinnar hjá ÁTVR sýnir,“ segir **Andri Þór Guðmundsson, forstjóri Ölgerðarinnar.**

Lykiltölur (mkr.)

Rekstrarreikningur Q2 2022	Q2 2022	Q2 2021	Breyt.	% Breyt
Vörusala	10.590	8.792	1.798	20%
Áfengis- og skilagjald	2.934	2.603	331	13%
Vörunotkun	3.911	3.068	843	27%
Annar framleiðslukostnaður	158	226	-67	-30%
Framlegð	3.587	2.896	690	24%
Aðrar tekjur	13	12	1	6%
Laun og launatengd gjöld	1.029	843	186	22%
Sölu- og markaðskostnaður	522	400	121	30%
Annar kostnaður	504	393	112	28%
EBITDA	1.544	1.272	272	21%
Afskriftir	216	244	-28	-12%
EBIT	1.329	1.028	300	29%
Fjármagnsliðir og áhrif hlutdeildarféлага	222	153	69	45%
Hagnaður fyrir skatta	1.107	876	231	26%
Tekjuskattur	220	183	37	20%
Hagnaður e skatta	887	693	194	28%

Rekstrarreikningur H1 2022	H1 2022	H1 2021	Breyt.	% Breyt
Vörusala	19.672	16.053	3.619	23%
Áfengis- og skilagjald	5.352	4.711	641	14%
Vörunotkun	7.298	5.755	1.543	27%
Annar framleiðslukostnaður	446	378	68	18%
Framlegð	6.577	5.210	1.367	26%
Aðrar tekjur	16	21	-5	-24%
Laun og launatengd gjöld	2.041	1.728	313	18%
Sölu- og markaðskostnaður	1.050	847	203	24%
Annar kostnaður	995	727	268	37%
EBITDA	2.507	1.930	577	30%
Afskriftir	426	431	-5	-1%
EBIT	2.081	1.499	582	39%
Fjármagnsliðir og áhrif hlutdeildarfélaganna	322	217	105	49%
Hagnaður fyrir skatta	1.760	1.282	477	37%
Tekjuskattur	351	263	89	34%
Hagnaður e skatta	1.408	1.019	389	38%

Efnahagsreikningur	31.8.2022	28.2.2022	Breyt.	% Breyt
Eignir	25.747	23.553	2.194	9%
Eigið fé	9.063	7.650	1.413	18%
Eiginfjárhlutfall	35,2%	32,5%	2,7	
Vaxtaberandi skuldir og leigusk.	9.027	9.025	2	0%
Handbært fé	1.542	659	883	134%
Nettó vaxtaberandi skuldir og leigusk.	7.485	8.366	-881	-11%
EBITDA sl. 12 mán	3.856	3.279	577	18%
NIDB/EBITDA sl. 12 mán	1,9	2,6	-0,7	

Afkoman á fyrri helming ársins var betri en áætlanir gerðu ráð fyrir og EBITDA spá félagsins fyrir fjárhagsárið var endurskoðuð í september. Nú reikna stjórnendur með því að EBITDA liggja á bilinu 4,1 ma. kr – 4.4 ma. kr.

Upplýsingar veita Andri Þór Guðmundsson, forstjóri, í síma 665-8010 og Jón Þorsteinn Oddleifsson, fjármálastjóri í síma 820-6491.